

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 131/2022

2022/EES/61/43

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1789 frá 8. október 2021 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar birtingu tilvísana í evrópsku matsskjölin fyrir sveigjanlegar úðaslöngur með endafestingum og aðrar byggingarvörur <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 D 1789**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1789 frá 08. október 2021 (Stjtíð. ESB L 359, 11.10. 2021, bls. 117).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1789, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 359, 11.10.2021, bls. 117.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.